



## Fundargerð

Fundur í brunamála og almannavarnarnefnd Reykhólahrepps  
Þriðjudaginn 23. apríl 2013, kl. 16:00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Egill Sigurgeirsson, Andrea Björnsdóttir og Örn Snævar Sveinsson. Einnig sátu fundinn Guðmundur Ólafsson slökkviliðsstjóri og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er 2 blaðsíður.

Formaður bauð fólk velkomið og þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

#### 1. 1304035 - Fundargerð 6. desember 2010.

*Farið yfir fundargerð, fundagerðin samþykkt samhljóða.*

#### 2. 1304033 - Brunavarnaáætlun fyrir Reykhólahrepp 2013 – 2017.

*Formaður lagði fram tillögu að vinnu við endurskoðun á brunavarnaáætlun Reykhólahrepps. Nefndin og slökkviliðsstjóri fari yfir áætlunina og stefnt verði að því að leggja fram endurskoðaða brunavarnaáætlun fyrir árslok. Tillagan samþykkt samhljóða.*

#### 3. 1301005 – Brunavarnir í Flatey.

Erindi frá Framfarafélagi Flateyjar og Vatnsveitu Flateyjar dagsett 9. nóvember 2012, vísað til brunamála- og almannavarnarnefndar á fundi hreppsnefndar þann 10. janúar 2013.

*Nefndin tekur jákvætt í erindið. Ákveðið er að formaður nefndarinnar og slökkviliðsstjóri fari í vettvangsferð í Flatey í kringum hvítasunnu. Einnig verði boðaðir Guðmundur frá Eldstöðum og fulltrúi frá slökkviliðinu í Stykkishólmi. Fulltrúar frá Framfarafélaginu og Vatnsveitu Flateyjar verði einnig viðstaddir sem og fulltrúi slökkviliðs Reykhólahrepps í Flatey. Samþykkt samhljóða.*

#### 4. 1205014 – Slökkvistöð í Kvígindisfirði.

- Ósk um samstarf við sveitarfélagið um uppbyggingu á slökkvistöð í Kígindisfirði fyrir Múlasveit, erindi frá eigendum Kvígindisfjarðar dagsett 28. apríl 2012. Erindinu vísað til brunamála- og almannavarnarnefndar á fundi hreppsnefndar þann 16. maí 2012.
- Erindi frá Átthagafélagi Múlahrepps dagsett 18. maí 2012.

*Sveitarfélagið áformar ekki að fjölga slökkvistöðvum eða kerrum í sveitarfélaginu að svo stöddu, er erindinu því hafnað. Endurskoðun brunavarnaráætlunar Reykhólahrepps til næstu fjögurra ára er í vinnslu þar sem Múlasveitin verður m.a. skoðuð heildstætt. Nefndin þakkar sýndan áhuga og hvetur hlutaðeigandi til að halda áfram með verkefnið.*

**Önnur mál:** (löglega upp borin)

**5. 1304039 - Skýrsla slökkviðliðsstjóra**

*Slökkvidæla í Gufudal hefur verið endurnýjuð ásamt hjálmum og slöngum. Til stendur að setja aukahurð á slökkviðliðsstöð á árinu vegna tankbíls.*

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 17:20**
